

296. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 2. mars 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.

Mætt:

Kristjana Hermannsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Júníana B Óttarsdóttir
Örvar Mór Marteinsson
Fríða Sveinsdóttir
Svandís Jóna Sigurðardóttir
Kristján Þórðarson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


1. **Fundargerð 148. fundar menningarnefndar, dags. 1. febrúar 2017.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. **Fundargerð 102. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 20. febrúar 2017.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerð ungmennaráðs, dags. 10. febrúar 2017.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 78. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 15. febrúar 2017.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða. Bæjarfulltrúar lýstu ánægju sinni með Heilsuvíkuna sem verður dagana 9-16 mars.
5. **Fundargerð 88. fundar stjórnar FSS, dags. 7. febrúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 165. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 7. febrúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 141. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. febrúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 128. fundar stjórnar SSV, dags. 25. janúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð 391. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 23. janúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
10. **Fundargerð 31. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 3. febrúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
11. **Fundargerð 846. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. janúar 2017.**
Lagt fram til kynningar.
12. **Tölvubréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2017, varðandi kjörna fulltrúa á landsþing 2017. Snæfellsbær þarf að samþykkja nýja landsþingsfulltrúa í stað Kristínar Bjargar Árnadóttur og Baldvin Leifs Ívarssonar.**
Tillaga kom um Björn H Hilmarsson og Fríðu Sveinsdóttur.
Tillagan samþykkt samhljóða.

13. **Boðun á XXXI. landsþing Sambands Íslenskra sveitarélaga, dags. 24. mars 2017.**
Lagt fram til kynningar.
14. **Fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 29. mars 2017.**
Lagt fram til kynningar.
15. **Tölvubréf frá forstöðumanni FSS, dags. 20. febrúar 2017, ásamt lokadrögum að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga.
16. **Bréf frá Hvammi Eignamiðlun, dags. 16. febrúar 2017, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að fiskiskipinu Báru II SH-227, sknr. 7243.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að Báru II SH-227, sknr. 7243.
17. **Bréf frá Dalabyggð, dags. 20. janúar 2017, varðandi sameinaða almannavarnanefnd á Vesturlandi.**
Bæjarstjórn tók jákvætt í erindið og samþykkti að fela bæjarstjóra að vera í samvinnu við önnur sveitarfélög á svæðinu um framhald málsins.
18. **Bréf frá Kennarafélagi Vesturlands og Skólastjórafélagi Vesturlands, dags. 15. febrúar 2017, varðandi sameiginlegan starfsdag grunnskólanna á Vesturlandi 15. september 2017.**
Bæjarstjórn tók jákvætt í erindið og beindi því til skólastjóra að taka tillit til þessa í skóladagatali næsta skólaárs.
19. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. febrúar 2017, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Antons J Illugasonar um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem reka á sem Kaldilækur að Mýrarholti 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Antons J Illugasonar um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem reka á sem Kaldilækur að Mýrarholti 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
20. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 10. febrúar 2017, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Snæbjörns Viðars Narfasonar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Neðra-Hóli í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Snæbjörns Viðars Narfasonar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Neðra-Hóli í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
21. **Bréf frá Brunabótafélagi Íslands, dags. 23. febrúar 2017, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2017.**
Lagt fram til kynningar.
22. **Niðurstaða nefndar um stöðu framkvæmdastjóra UMF Víkings/Reynis, MFL Víkings kk og kvk.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita styrk vegna framkvæmdastjóra upp á kr. 350.000.- á mánuði og gera samning við félögin sem gildir frá 1. apríl 2017 til 31. desember 2018. Gert er ráð fyrir kr. 1.100.000.- á fjárhagsáætlun ársins 2017 og samþykkti bæjarstjórn samhljóða að veita aukafjárveitingu til þessa verkefnis upp á kr. 2.050.000.- á árinu 2017. Verður liðurinn 27-11, óvænt útgjöld, lækkaður um samsvarandi upphæð.
23. **Minnisblað bæjarstjóra, dags. 28. febrúar 2017, varðandi skipun í vinabæjarnefnd.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að bjóða til vinabæjarhittings fyrir hönd bæjarstjórnar. Er þá miðað við að gestirnir yrðu í Snæfellsbæ helgina sem Ólafsvíkuvakan verður haldin, sem er fyrsta helgi í júlí.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að tilnefna Júníönu, Kristjönu og Svandísi Jónu í nefndina.


24. Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Bæjarstjóri kynnti staðgreiðsluáætlun ársins.
- b) Bæjarstjóri fór yfir ljósleiðarmálin.
- c) Bæjarstjóri ræddi tjaldstæðamál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05



 Kristján Þórðarson



 Kristjana Hermannsdóttir



 Fríða Sveinsdóttir


 Rögnvaldur Ólafsson


 Svandís Jóna Sigurðardóttir


 Jónína B. Óttarsdóttir


 Örvar Már Marteinsson


 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari